











*Almennur söngur*

Nú legg ég augun aftur,
ó, Guð, þinn náðarkraftur
mín veri vörn í nótt.
Æ, virst mig að þér taka,
mér yfir láttu vaka
þinn engil, svo ég sofi rótt.

*Foersom / Sveinbjörn Egilsson -*
*P.C. Krossing 1820*

Ég fel í forsjá þína,
Guð faðir, sálu mína,
því nú er komin nótt.
Um ljósið lát mig dreyma
og ljúfa engla geyma
öll börnin þín, svo blundi rótt.

*Matthías Jochumsson -*
*P.C. Krossing 1820*

## Blessun

## Eftirspil

*Ég er kominn heim*

*Emmerich Kálmán - Jón Sigurðsson*

*Prestur: sr. Þráinn Haraldsson*
*Organisti: Friðrik Vignir Stefánsson*
*Einsöngur: Jónína Björg Magnúsdóttir*
*Söngur: Tindatríó - Atli Guðlaugsson, Bjani Atlason*
*Guðlaugur Atlason*
*Útfararþjónusta Akraneskirkju*

***Jarðsett verður í Kirkjugarði Akraness að bálför lokinni***
***Ástvinir þakka samúð og vinarhug og bjóða viðstöddum***
***að þiggja veitingar í Safnaðarheimilinu Vinaminni***
***að athöfn lokinni***

*Litróf umhverfisvæn prentsmiðja*

# *Sigríður Geirlaug Hjartardóttir*

*Fædd 26. október 1933*
*Dáin 31. desember 2023*



*Útför frá Akraneskirkju*
*fimmtudaginn 18. janúar 2024*

*Tónlist fyrir athöfn*

## *Forspil*
*Ave María*
*Schubert*

## *Bæn*

Hærra, minn Guð, til þín,
hærra til þín,
enda þótt öll sé kross
upphefðin mín.
Hljóma skal harpan mín:
:,: Hærra, minn Guð, til þín, :,:
hærra til þín.

Sofanda sýndu þá
sólstigans braut
upp í þitt eilífa
alföðurskaut.
Hljómi svo harpan mín:
:,: Hærra, minn Guð, til þín, :,:
hærra til þín.

Lyfti mér langt í hæð
lukkunnar hjól,
hátt yfir stund og stað,
stjörnur og sól,
hljómi samt harpan mín:
:,: Hærra, minn Guð, til þín, :,:
hærra til þín.
*Adams - Matthías Jochumsson*

## *Ritningarorð*

Ég leit eina lilju í holti,
hún lifði hjá steinum á mel.
Svo blíð og svo björt og svo auðmjúk
en blettinn sinn prýddi hún vel.
Ég veit það er úti um engi
mörg önnur sem glitrar og skín.
Ég þræti ekki um liti né ljóma,
en liljan í holti er mín.
Þessi lilja er mín lifandi trú,
þessi lilja er mín lifandi trú.
Hún er ljós mitt og von mín og yndi,
þessi lilja er mín lifandi trú.

Og þó að í vindinum visni
á völlum og engjum hvert blóm
og haustvindar blási um heiðar
með hörðum og deyðandi róm,
og veturinn komi með kulda
og klaka og hríðar og snjó,
hún lifir í hug mér sú lilja
og líf hennar veitir mér fró.
Þessi lilja er mín lifandi trú,
þessi lilja er mín lifandi trú.
Hún er ljós mitt og von mín og yndi,
þessi lilja er mín lifandi trú.
*Erlent lag - Þorsteinn Gíslason*

## *Ritningarorð*

## *Einsöngur*
*Í bljúgri bæn*
*Pétur Þórarinssson*

## *Guðspjall*

Hún bar þig í heiminn og hjúfraði að sér.
Hún heitast þig elskaði og fyrirgaf þér.
Hún ætíð er skjól þitt, þinn skjöldur og hlíf.
Hún er íslenska konan sem ól þig og þér helgar sitt líf.

Með landnemum sigldi hún um svarrandi haf.
Hún sefaði harma, hún vakti er hún svaf.
Hún þerraði tárin hún þerraði blóð.
Hún var íslenska konan sem allt á að þakka vor þjóð.

Ó, hún var ambáttin hljóð
hún var ástkonan rjóð
hún var amma svo fróð.

Ó, athvarf umrenningsins
inntak hjálpræðisins
líkn frá kyni til kyns.

Hún þraukaði hallæri, hungur og fár.
Hún hjúkraði og stritaði gleðisnauð ár
Hún enn í dag fórna sér endalaust má.
Hún er íslenska konan sem gefur þér allt sem hún á.

Ó, hún er brúður sem skín
Hún er barnsmóðir þín.
Hún er björt sólarsýn.

Ó, hún er ást, hrein og tær
Hún er alvaldi kær.
Eins og Guðsmóðir skær.

Og loks þegar móðirin lögð er í mold
þá lýtur þú höfði og tár falla á fold.
Þú veist hver var skjól þitt, þinn skjöldur og hlíf.
Það var íslenska konan sem ól þig og gaf þér sitt líf.

En sólin hún hnígur og sólin hún rís.
Og sjá þér við hlið er þín hamingjudís,
sem ætíð er skjól þitt, þinn skjöldur og hlíf.
Það er íslenska konan, tákn trúar og vonar,
sem ann þér og þér helgar sitt líf.
*Billy Joel - Ómar Ragnarsson*

## *Minningarorð*

Þig, sem í fjarlægð fjöllin bak við dvelur
og fagrar vonir tengdir líf mitt við,
minn hugur þráir, hjartað ákaft saknar
er horfnum stundum ljúfum dvel ég hjá.
Heyrirðu ei, hvern hjartað kallar á,
heyrirðu ei storminn kveðju mína ber?
Þú fagra minning eftir skildir eina
sem aldrei gleymist meðan lífs ég er.
*Karl O. Runólfsson / Valdimar Hólm Hallstað*

## *Bæn / Faðir vor*

Þér leiðist hér ég veit það kæri vinur
Þú vilt á brott að kanna nýjan stig
en þig skortir kjark þú hikar og hugsar dag og nótt
og hræðist að þú munir særa mig

Við áttum saman yndislega stund
við áttum sól og blóm og hvítan sand
og skjól á köldum vetri er vindur napurt söng
og von um gullin ský og fagurt lag

Þó farir þú í fjarlægð kæri vinur
og fætur þínir stígi ókunn skref
Hve draumar ræst hafa' aftur þú áður sagðir mér
þín ást var mín og brosin geymt ég hef

Góða ferð, góða ferð, góða ferð
góða ferð já það er allt og síðan bros
því ég geymi alltaf vinur það allt er gafstu mér
góða ferð, vertu sæll já góða ferð
*Jose Feliciano - Jónas Friðrik*

## *Moldun*